



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónamiði

Áfangaskýrsla II

Áfangaskýrsla II fyrir meginmálaflokk mennta- og menningarmálaráðuneytis í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð (KHF). Verkefnið verður unnið á þremur árum. Áfangaskýrsla I var kynnt í fjárlagafrumvarpi ársins 2013. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framvindu annars áfanga verkefnisins og gerð verður grein fyrir helstu niðurstöðum í fjárlagafrumvarpi ársins 2014. Lokaskýrsla verður tilbúin árið 2014.

Texti fyrir fjárlagafrumvarpið

Verkefni mennta- og menningarmálaráðuneytis fjallar um styrkjakerfi vísindarannsókna. Áhersla er lögð á að greina sókn í opinbera samkeppnissjóði og úthlutanir úr þeim. Rýnt hefur verið í tölfræði um umsóknir og úthlutun úr sjóðum svo og skipun stjórna og fagraða út frá kynjasjónarmiðum. Sjónum hefur verið beint að eftirtöldum sjóðum: Rannsóknasjóði, Rannsóknarnámssjóði, Tækjasjóði (heitir nú Innviðasjóður), Markáætlun á sviði vísinda og tækni, Nýsköpunarsjóði námsmanna, Launasjóði fræðiritahöfunda (heitir nú Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna), Fornleifasjóði (heitir nú Fornminjasjóður), Tækniþróunarsjóði, Orkusjóði, Átaki til atvinnusköpunar, AVS-rannsóknasjóði í sjávarútvegi, Verkefnasjóði sjávarútvegsins (samkeppnisdeild) og Framleiðnisjóði landbúnaðarinn.

Þar sem fullnægjandi kyngreindar upplýsingar liggja fyrir koma fram vísbendingar um að tækifæri kynjanna til að fá styrk úr opinberum samkeppnissjóðum virðast vera mismunandi eftir því um hvaða sjóði er að ræða. Árangurshlutfall milli umsókna og úthlutana er almennt hærra þar sem karlar eru skráðir fyrir umsóknum. Einnig er eftirspurn kynjanna eftir því að fá styrki úr sjóðum nokkuð mismunandi eftir því hvaða sjóður er skoðaður.

Í lokaáfangi verkefnisins er fyrirhugað að skoða fjárhæðir styrkumsókna og styrkveitinga út frá kynjasjónarmiði og fylgja eftir breytingum á öflun, framsetningu og birtingu upplýsinga.

Um verkefnið

Verkefni/meginmálaflokkur	Styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónamiði.	Dags	28. ágúst 2013
Ábyrgðaraðili í umboði ráðuneytisstjóra	Auður Björg Árnadóttir		
Teymi	Auður Björg Árnadóttir, Jóna Pálsdóttir, Helgi Freyr Kristinsson og Magnús Lyngdal Magnússon.		
Eigandi og stýrihópur	Eigandi: Ásta Magnúsdóttir ráðuneytisstjóri. Stýrihópur: Ásta Magnúsdóttir, Gísli Þór Magnússon og Hellen Gunnarsdóttir.		
Lýsing verkefnis	Greina sókn í opinbera samkeppnissjóði og úthlutanir úr þeim. Rýna styrkjaferli frá upphafi til enda og meta út frá kynjasjónarmiði.		
Markmið verkefnis	Varpa ljósi á aðgang karla og kvenna til að fá úthlutað styrkjum úr opinberum samkeppnissjóðum. Kortleggja stöðuna og koma með tillögur að endurbótum eftir því sem við á.		
Jafnréttismarkmið verkefnis	Greina hvort réttlát úthlutun fjármagns sé tryggð í núverandi úthlutunarreglum.		

Staða verkefnis

<h3 style="text-align: center;">Heildarstaða verkefnis</h3> <div style="display: flex; justify-content: center; gap: 20px;"> Græn <input checked="" type="checkbox"/> Gul <input type="checkbox"/> Rauð <input type="checkbox"/> </div>						
	Græn Á áætlun	Gul þarfnast aðgerða	Rauð Krítískt	Útskýring á frávikum		
Tímaáætlun	x <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Fjárhagsáætlun	x <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Umfang	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> x	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>			
Aðgerð: m.v. þá áfanga sem eru í verkáætlun og áttu að hefjast á þessu tímabili		Staða	Lokið	Áætluð lok	Lokið dags	Athugasemdir/áhættuþættir
1	Kortlagning og kyngreining á virkum vísindamönnum á hinum ýmsu sviðum vísinda	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	nei			Hætt var við að vinna þetta þar sem í upphaf vinnu kom í ljós að leggja þyrfti of mikla vinnu í þetta miðað við þann ávinning sem talið var að fengis af þeim upplýsingum.
2	Val í fagråd og nefndir skoðað út frá kynjasjónarmiði og hvort fræðasvið hafi jafnt vægi.	x <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	já		maí 2013	Fagråd eru yfirleitt ekki lögbundin en stjórnir velja gjarnan sérfræðinga í þau til að fara yfir umsóknir.
3	Athugað hvort virk jafnréttisáætlun sé fyrir hendi í sjóðum	x <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	já		maí 2013	Enginn sjóðanna er með jafnréttisáætlun, enda ekki lagaskylda.
4	Texti fyrir fjárlagafrumvarp	x <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	já		júní 2013	
5		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>				
6		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>				
7		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>				
8		<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>				

Staða: Græn = á áætlun, Gul = þarfnast aðgerða, Rauð = krítísk, þarf að láta yfirstjórn vita

Eru einhverjar aðgerðir sem þarf að grípa til söku áhættuþátta eða framvindu á þessum tímavarki? Ef já, þá hverjar?

Heildarniðurstöður annars áfanga

Staða verkefnis er í samræmi við tímaáætlun. Teymi ráðuneytisins um kynjaða hagstjórn hefur farið yfir fyrirbyggjandi tölfræðiupplýsingar og metið hvaða gagna þarf að afla til viðbótar. Teymið hefur leitast við að víkja ekki um of frá ramma verkefnisins þó svo að nýjar áhugaverðar spurningar hafi vaknað við athugun gagnanna.

Viðfangsefni

Í samræmi við upphaflega áætlun um umfang verkefnisins hefur sjónum verið beint að þeim samkeppnissjóðum sem eru opnir umsækjendum óháð vinnustað og styrkja verkefni í opinni samkeppni. Ástæðan fyrir vali verkefnisins er meðal annars sú að nýlegar evrópskar rannsóknarniðurstöður staðfesta að karlar hafi greiðari aðgang að styrkjum í vísindasamfélaginu en konur þrátt fyrir að þær séu fleiri í röðum útskrifaðra vísindamanna. Undirbúningur verkefnisins fólst meðal annars í því að fá Þorgerði Einarsdóttur, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands, til að taka saman upplýsingar um styrkjakerfi vísindarannsókna út frá kynjasjónarmiði. Fylgir samantektin með skýrslunni sem viðauki og þar eru heimildir um rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessum vettvangi. Í samantektinni kemur fram að kynjaskekkju má greina í vísindum í löndum Evrópu og að kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð sé leið til að bregðast við. Leiðir til að komast að kjarna málsins eru taldar upp og er lögð áhersla á greiningu útgjalda í fjárlögum og endurskipulagningu þeirra með hliðsjón af kynjamiðaðri greiningu.

Fjöldi sjóða styður rannsóknarátt, rannsóknir, tækniþróun og nýsköpun á Íslandi en margir þeirra eru innan stofnana og einungis opnir umsækjendum frá þeim eins og t.d. hjá háskólunum, Landspítala o.fl. Þeir sjóðir sem teymi mennta- og menningarmálaráðuneytisins hefur beint sjónum að heyrja undir þrjú ráðuneyti:

- Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Rannsóknasjóður, Rannsóknarnámssjóður (sameinaðist Rannsóknasjóði í byrjun árs 2013), Tækjasjóður (heitir nú Innviðasjóður), Markáætlun á sviði vísinda og tækni, Fornleifasjóður (heitir nú Fornminjasjóður), Launasjóður fræðirithöfunda (heitir nú Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna) og Nýsköpunarsjóður námsmanna.
- Innanríkisráðuneyti: Tækniþróunarsjóður, Orkusjóður, Átak til atvinnusköpunar.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti (áður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti): AVS – rannsóknasjóður í sjávarútvegi, Verkefnasjóður sjávarútvegsins (samkeppnisdeild) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins.

Fyrsti áfangi verkefnisins var að kortleggja tölfræði. Í öðrum áfanga verkefnisins átti samkvæmt tíma- og verkefnaáætlun að ljúka við að safna og rýna í tölfræðina, kortleggja og kyngreina virka vísindamenn á hinum ýmsum sviðum vísinda og skoða út frá kynjasjónarmiði hvernig staðið er að vali í fagråd og nefndir og hvort virkar og raunhæfar jafnréttisáætlanir séu til fyrir sjóðina. Teknar hafa verið saman upplýsingar um umsóknir, úthlutanir og kynjahlutföll í nefndum og ráðum sem tengjast þessum sjóðum. Einnig hefur verið tekið saman hvaða kynjasjónarmið eru höfð til hliðsjónar við skipan fagráða sem standa að úthlutunum og hvort sjóðirnir starfi samkvæmt eigin jafnréttisáætlun. Jafnframt hefur verið rýnt í lykilhugtök og orðalag í auglýsingum. Kannað hefur verið hvort sjóðirnir leiti eftir upplýsingum um kynjahlutfall í stjórnnum fyrirtækja sem sækja um styrki og hvort aflað sé

upplýsinga um kyn allra þátttakenda sem koma að verkefnum sem sótt eru um, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda.

Við söfnun upplýsinga hefur komið í ljós að almennt eru til upplýsingar um umsóknir og úthlutanir úr sjóðunum en sú tölfræði sem er aðgengileg á vefsvæðum sjóðanna er yfirleitt ekki kyngreind og þarf því að kalla eftir þeim upplýsingum sérstaklega. Þó eru undantekningar á þessu t.d. hjá Rannsóknasjóði. Mikið er um það að upplýsingar séu kyngreindar eftir á og fyrirhuga nokkrir sjóðir að gera breytingar á þessu í ár, 2013 og kyngreina upplýsingar strax.

Í skýrslunni er að finna undir hverjum sjóði þær tölfræðiupplýsingar sem liggja fyrir nú og greiningu á þeim. Ekki hefur tekist að afla fullnægjandi gagna um umsóknir, úthlutanir, nefndir og ráð allra sjóðanna.

Í gögnum sem verkefnisstjórn hefur aflað í öðrum áfanga þessa verkefnis koma fram vísbendingar um að tækifæri kynjanna til að fá styrk úr opinberum samkeppnissjóðum eru mismunandi eftir því um hvaða sjóði er að ræða. Árangurshlutfall milli umsókna og úthlutana er almennt hærra þar sem karlar eru skráðir fyrir umsóknum eins og sjá má á töflum í þessari greinargerð. Einnig er eftirspurn kynjanna eftir því að fá styrki úr sjóðnum nokkuð mismunandi eftir því hvaða sjóður er skoðaður. Eftirspurnin endurspeglar oftast kynjaskiptinguna í markhópnum s.s. fastráðinna kennara á háskólastigi, kynjaskiptingu í stöðum prófessora, dósenta og lektora svo og kynjaskiptingu háskólanema. Þetta má m.a. sjá í eftirspurn kynjanna eftir styrkjum úr Rannsóknarsjóði og Rannsóknarnámssjóði. Eftirspurn karla í styrki úr Rannsóknarsjóði er rúmlega 60% og kvenna tæplega 40%, sem endurspeglar hlutfall karla og kvenna í stjórnunarstöðum í háskólum landsins. En aftur á móti er þessu öfugt farið hvað varðar eftirspurn eftir styrkjum úr Rannsóknarnámssjóði, þar er eftirspurn karla tæplega 40% en kvenna rúmlega 60% og endurspeglar þetta kynjaskiptingu nemenda í háskólum. Þessi niðurstaða er í samræmi við umfjöllun í samantekt Þorgerðar Einarsdóttur um pípurnar sem leka:

Því hefur verið haldið fram að kynjahlutföll jafnist sjálfkrafa á öllum stigum háskóla- og vísindasamfélagsins eftir því sem menntun kvenna eykst og konum fjölgar meðal háskólastúdenta. Rannsóknir sýna hins vegar að þetta gerist ekki af sjálfu sér. Brottfall kvenna er mikið og kerfisbundið milli skólastiga og sömuleiðis milli náms og starfa í akademíu. Í fræðilegu samhengi hefur þetta verið kallað pípurnar leka (e. the leaky pipelines). Það birtist í því að hlutfall kvenna í æðstu stöðum innan hinna ýmsu fræðasviða er ekki í samræmi við hlutfall þeirra á stigunum fyrir neðan, sé miðað við þetta hlutfall meðal karla. Þetta brottfall er ekki tilviljun og hér er ekki um tímaspursmál að ræða. Ef sú væri reyndin ættu konur að vera miklu fjölmennari á æðri stigum innan margra greina þar sem þær hafa til langs tíma verið fjölmennar og jafnvel í meirihluta meðal nemenda.

Hætt var við að kortlegga og kyngreina virka vísindamenn á hinum ýmsum sviðum vísinda því fljótlega kom í ljós að vinnan sem leggja þurfti í þetta var of mikil miðað við þann ávinning sem talið var að fengist af þeim upplýsingum.

Almennt virðist val í fagråd og nefndir vera í samræmi við lög um hlutfall kynja í opinberum nefndum og ráðum. Á þessu eru þó misbrestir, einkum í raungreinum, sem endurspeglar samsetningu markhópsins. Í samantekt Þorgerðar Einarsdóttur er bent á niðurstöður sænskrar rannsóknar frá

2010 um að vísindaleg nálgæð við matsaðila auki líkur á styrkveitingu. Vegna gagnrýni á mat umsókna eru dæmi um að brugðist hafi verið við með því að fá erlenda vísindamenn til að endurmeta umsóknir. Upplýsingar liggja ekki fyrir um hvernig valið er í fagráð en stjórnir sjóðanna sjá yfirleitt um það. Í næsta áfanga verkefnisins verður leitað eftir þessum upplýsingum.

Sjóðirnir taka mið af jafnréttislögum en hafa ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber þeim ekki að gera þær. Jafnréttismarkmið sjóðanna koma ekki fram í gögnum um þá og einnig vantar upplýsingar um hvernig ákvarðanir eru teknar út frá kynjasjónarmiðum.

Næstu skref

Í samræmi við tíma- og verkefnaáætlun eru eftirfarandi aðgerðir fyrirhugaðar í síðasta hluta verkefnisins.


- Umsýsluaðilum sjóðanna mun verða sent bréf í september 2013 þar sem óskað verður eftir því að upplýsingar sjóðanna verði kyngreindar út frá verkefnastjóra, meðumsækjanda eða umsækjenda hóps eftir því sem við á. Beðið verður um:
 - kyngreindar upplýsingar með tilliti til fjölda umsókna
 - kyngreindar upplýsingar miðað við fjölda veittra styrkja
 - kyngreindar upplýsingar miðað við fjárhæðir sem sótt er um
 - kyngreindar upplýsingar miðaða við fjárhæðir sem veittar eru



Þá verður athugað hvort æskilegt sé að búa til sniðmát fyrir sjóðina til að stuðla að samræmi upplýsinga. Gengið verður út frá því að upplýsingar liggi fyrir og verði birtar á vefum sjóðanna þannig að ekki þurfi að grafa eftir þeim. Einnig verður í bréfinu spurt um yfirlýst jafnréttismarkmið sjóðsins og hvar þau komi fram í gögnum um hann.

- Fræðasvið verða skoðuð út frá kynjasjónarmiði. Leitað verður eftir upplýsingum um útskriftir nemenda háskóla á Íslandi og hvort samsvarandi hlutfall kynja skili sér sem umsækjendur um styrki úr þeim samkeppnissjóðum sem hér liggja til grundvallar. Skoðað verður hvort umsækjendahópar endurspegli þann hóp sem hægt er að segja að væri eðlilegt að leiti eftir styrkjum. Ekki er búið að móta aðferð til að komast að niðurstöðu.
- Kynjahlutfall verður skoðað með hliðsjón af „glerpaksvísitölu“ sem hefur verið notuð í evrópskum rannsóknum til að sýna framamöguleika kvenna í samanburði við karla. Leitað verður eftir aðstoð við þennan framkvæmdaþátt og er hann því háður því að fjármagn fái í fjárlögum.
- Farið verður yfir reglur og viðmið sjóðanna til að kanna hvort um sé að ræða mismunun kynja í einhverjum þáttum starfseminnar.
- Fyrirkomulag fagráða, hvernig skipað er í þau, verður skoðað nánar meðal annars hvort þau endurspegli fræðasviðin og hvort kynjaskekkja geti leynst í skipulagi þeirra.
- Fjárhæðir styrkja verða skoðaðar og leitast við að meta hvort jafn háar fjárhæðir fari til umsækjenda af báðum kynjum. Einnig verður skoðað hvort verkefni sem fá hærri fjárhæðir séu á einhvern hátt karllægari en þau sem fá lægri fjárhæðir.
- Lýsingar á verkefnum sem eru styrkt verða skoðaðar. Leitað verður eftir upplýsingum hjá sjóðunum um stuttar lýsingar á verkefnum sem hlutu styrki, þær verða flokkaðar eftir kyni umsækjenda og tilraun gerð til að meta þær. Þetta er háð því að fjármagn fái í fjárlögum til að vinna þessar upplýsingar og koma með niðurstöður.

- Reynt verður að tryggja að hægt verði að greina sundur styrki til námsmanna og vísindamanna sem fá úr hinum sameinaða Rannsóknasjóði vegna kynjamunar sem nú er annars vegar á umsóknum í Rannsóknasjóð og hins vegar Rannsóknarnámssjóð.

Á þeim gögnum sem verkefnisstjórn MMR hefur skoðað virðist sem árangurshlutfall miðað við kyn verkefnisstjóra, sem skráður er fyrir umsóknum, sé lægra meðal kvenna en karla árið 2011/2012, eins og fram kemur í þessari töflu um árangurshlutfall. Hins vegar jafnast þessar tölur þegar fleiri ár eru skoðuð eins og fram kemur í töflum um hvern sjóð fyrir sig.





Rannsóknasjóður

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknarhópa, háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Með hugtakinu vísindarannsóknnum er átt við allar tegundir rannsókna; grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Rannsóknasjóður veitir styrki samkvæmt almennum áherslum Vísinda- og tækniráðs og á grundvelli faglegs mats á gæðum rannsóknarverkefna. Ákvörðun um styrkveitingu skal bundin hinu faglega mati. Rannsóknasjóður starfar skv. lögum nr. 3/2003 um opinberan stuðning við

vísindarannsóknir. Með breytingum sem Alþingi samþykkti á lögum nr. 3/2012 síðla árs 2012 voru Rannsóknarnámssjóður og Rannsóknasjóður sameinaðir undir heitinu Rannsóknasjóður.

Sameiningu sjóðanna mun leiða til meiri samfellu og yfirsýnar í úthlutunum styrkja til nemenda í rannsóknartengdu framhaldsnámi. Jafnframt er að því stefnt að hið faglega mat umsókna muni styrkjast auk þess sem sameining Rannsóknasjóðs og Rannsóknarnámssjóðs mun leiða til minni umsýslu.

Úthlutanir úr Rannsóknasjóði fara að mestum hluta til að greiða laun og langstærstur hluti þeirra sem þiggja laun úr verkefnum sem styrkt eru af Rannsóknasjóði eru nemendur í doktors- eða meistaranámi. En það eru yfirleitt leiðbeinendur og meðumsækjendur sem sækja um styrkinn og það eru þeir sem hafa verið kyngreindir en ekki nemendurnir sjálfir.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í úthlutunarreglum, auglýsingum og leiðbeiningum fyrir umsóknir árið 2011 og 2012 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri með ólíkum hætti til kynjanna.

Stjórn

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manna stjórn til þriggja ára þar af fjóra skv. tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs. Formaður vísindanefndar (sem ráðherra skipar án tilnefningar) er formaður stjórnar Rannsóknasjóðs.

Stjórn

Tímabil	Karlar	Konur
2009-2012	2	3

Fagráð

Fagráð	2009		2010		2011		2012	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	5	2	5	2	5	2	5	2
Náttúru- og umhverfisvísindi	4	3	5	2	5	2	4	3
Heilbrigðis- og lífvísindi	3	4	3	4	4	3	4	3
Félags- og hugvísindi	3	4	4	3	5	2	4	3
Heildarfjöldi	15	13	17	11	19	9	17	11

Taflan hér að framan sýnir að kynjahlutföll í fagráðum árið 2012 hafa breyst frá árinu á undan, en skipan fagráða fellur undir 15. gr. jafnréttislaga um að lágmarki 40% af nefndarfólkis sé annað hvort karlar eða konur. Í fagráði verkfræði, tækni- og raunvísinda eru karlar mun fleiri en konur en það skýrist meðal annars af því að kynjasamsetning á þessu sviði er mjög ójöfn. Í fljótu bragði virðist borðliggjandi að telja að kynjahlutfallið muni muni breytast í framtíðinni þar sem konur eru í meirihluta í flestum deildum háskóla hér á landi. Hins vegar má draga þann lærdóm af bæði rannsókn

sem kom út á vegum Evrópusambandsins árið 2009 og sænskri rannsókn frá 2010 að konur úr röðum útskrifaðra vísindamanna virðast síður verða styrkþegar úr samkeppnissjóðum vísinda en karlar. Er sérstaklega fjallað um stórar fjárhæðir eins og um er að ræða í markáætlunum. Nánar má sjá um þetta í samantekt Þorgerðar Einarsdóttur og er þar vísað á þessar rannsóknir. Einnig kemur fram að skortur er á frekari rannsóknum um málið.

Kynjuð greining á úthlutunum

Í umsóknum er óskað eftir upplýsingum um kyn allra þátttakenda í viðkomandi verkefni, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda sem sækja um styrk. Ekki er um fyrirtæki að ræða.

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra


Styrkár	Heildarfjöldi		Karlur	%	Konur	%
	umsókna					
2009	240	158	66%	82	34%	
2010	258	167	65%	91	35%	
2011	240	154	64%	86	36%	
2012	270	166	61%	104	39%	
Samtals	1008	645	64%	363	36%	

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi		Karlur	%	Konur	%
	styrkja					
2009	51	36	71%	15	29%	
2010	47	29	62%	18	38%	
2011	37	25	68%	12	32%	
2012	47	30	64%	17	36%	
Samtals	182	120	66%	62	34%	

Árangurshlutfall -kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlur sótt	Karlur veitt		Konur sótt	Konur veitt	
			%			%
2009	158	36	23%	82	15	18%
2010	167	29	17%	91	18	20%
2011	154	25	16%	86	12	14%
2012	166	30	18%	104	17	16%
Samtals	645	120	19%	363	62	17%



Tölurnar hér að framan sýna að í þrjú ár af fjórum eru konur með lægra árangurshlutfall en karlar þegar kemur að úthlutun úr Rannsóknasjóði, þ.e.a.s. þegar árangurshlutfall kynjanna er skoðað. Fyrirhugað er að skoða fjárhæðir styrkja í þriðja áfanga verkefnisins en þá verður hægt að meta hvort um kynjaskekkju sé að ræða. Hins vegar sækja færri konur um styrk í sjóðinn en karlar. Ein af ástæðum þess að fjöldi umsókna frá körlum er meiri en frá konum gæti endurspeglast í kynjaskiptingu fastráðinna kennara á háskólastigi. Hér má nefna Háskóla Íslands sem dæmi en þar voru árið 2011 68 konur í stöðu prófessors en 189 karlar í sömu stöðu. Alls voru 60 konur í stöðum dósentar en 93 karlar og loks voru 79 konur í stöðu lektors en 62 karlar.

Jafnréttisáætlun

Rannsóknasjóður tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Rannsóknarnámssjóður

Hlutverk Rannsóknarnámssjóðs var að veita styrki til rannsóknatengds framhaldsnáms við háskóla eða á ábyrgð þeirra í samvinnu við rannsóknastofnanir eða fyrirtæki. Rannsóknarnámssjóður starfaði skv. lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 og reglugerð nr. 16/2008. Með breytingum sem Alþingi samþykkti á lögum nr. 3/2012 síðla árs 2012 voru Rannsóknarnámssjóður og Rannsóknasjóður sameinaðir undir heitinu Rannsóknasjóður.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í úthlutunarreglum, auglýsingum og leiðbeiningum fyrir umsóknir árið 2011 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. Vert er þó að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn sjóðsins til þriggja ára í senn. Samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefnir einn fulltrúa og vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs einn fulltrúa. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem jafnframt er formaður stjórnar sjóðsins. Um er að ræða þriggja manna stjórn og á undanförunum fjórum árum hafa konur verið í minnihluta í þrjú ár:

Styrkár	Karlar	Konur
2009	1	2
2010	2	1
2011	2	1
2012	2	1
Heildarfjöldi	7	5

Kynjuð greining á úthlutunum

Ekki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kyn allra þátttakenda, þar með talið nemanda, aðalleiðbeinanda og meðleiðbeinanda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk en það verður gert frá og með 2013 þegar sjóðurinn hefur sameinast Rannsóknasjóði. Hinsvegar voru umsóknir kyngreindar eftir á.

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra


Styrkár	Heildarfjöldi		%	Konur	%
	umsókna	Karlar			
2009	109	36	33%	73	67%
2010	115	38	33%	77	67%
2011	135	58	43%	77	57%
2012	135	54	40%	81	60%
Samtals	494	186	38%	308	62%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi		%	Konur	%
	styrkja	Karlar			
2009	25	9	36%	16	64%
2010	26	10	38%	16	62%
2011	15	9	60%	6	40%
2012	17	7	41%	10	59%
Samtals	83	35	42%	48	58%

Árangurshlutfall -kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	36	9	25%	73	16	22%
2010	38	10	26%	77	16	21%
2011	58	9	16%	77	6	8%
2012	54	7	13%	81	10	12%
Samtals	186	35	19%	308	48	16%



Tölurnar hér að framan sýna að árangurshlutfall kvenna er töluvert lægra en karla sem bendir til kynjaskekkju. Konur virðast eiga erfiðara með að fá styrk en karlar öll þau fjögur ár sem hér eru skoðuð. Benda má á að árið 2011 var árangurshlutfall karla 16% en kvenna 8% en munurinn var óverulegur árið 2012. Fleiri konur en karlar eru skráðar fyrir umsóknum um styrk í sjóðinn. Ein af ástæðum þess að fjöldi umsókna frá körlum er minni en frá konum endurspeglast í kynjaskiptingu nemenda í háskólum landsins.

Jafnréttisáætlun

Rannsóknarnámssjóður tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Tækjasjóður (heitir nú Innviðasjóður)

Hlutverk Tækjasjóðs er að veita rannsóknastofnunum styrki til kaupa á dýrum tækjum og búnaði til rannsókna. Við úthlutun úr Tækjasjóði skal taka mið af úthlutunarstefnu Rannsóknasjóðs á hverjum tíma.

Sjóðurinn starfar skv. lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003. Skv. reglum sjóðsins greiðir framlag Tækjasjóðs að hámarki 75% af kostnaði við fjárfestinguna án virðisaukaskatts. Með lagabreytingu um Innviðasjóð 2013 er opnað fyrir fleiri umsóknir en áður úr félagsvísindum.

Hlutverk Innviðasjóðs er að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í auglýsingu Innviðasjóðs 2013 kemur fram að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar og að hægt sé að sækja um styrki til tækjakaupa, uppbyggingar innviða, aðgengi að þeim hér og erlendis, uppfærslu á tækjabúnaði og gagnagrunnum. Ekkert kemur fram sem ætti að höfða misvel til kvenna eða karla.

Stjórn

Stjórn Rannsóknasjóðs hefur farið með stjórn Tækjasjóðs og fer jafnframt með stjórn Innviðasjóðs þannig að vísað í umfjöllun um Rannsóknasjóð.

Fagráð

Hlutfall kynja í fagráði Tækjasjóðs var jafnt árið 2009 en síðan hafa konur verið 33,3% en karlar 66,7%, þrátt fyrir lagaákvæði um að minnsta kosti 40% af öðru hvoru kyni í öllum opinberum nefndum og ráðum. Eftir breytingar á lögum númer 3/2003 þarf nú að skipa sérstakt fagráð fyrir Innviðasjóð en áður hafði það tíðkast að stjórnin skipaði sér fagráð til aðstoðar.

Kynjuð greining á úthlutunum

Ekki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kyn þeirra sem að standa að umsókn hverju sinni. Hinsvegar voru umsóknir kyngreindar eftir. Rétt er að taka fram að þær tölur sem birtast í töflunum hér að neðan eru háðar þeim annmörkum að þær sýna einungis kyn þess sem er skráður sem umsjónarmaður umsóknar. Í raun og veru er ekki gerður greinarmunur á þeim umsækjendum sem skráðir eru á hverja umsókn heldur litið á hópinn sem heild. Rétt er því að kyngreina hópinn allan í stað þess að kyngreina umsjónarmenn umsókna. Það verður gert frá og með 2013 með breytingu í Innviðasjóð.

Umsækjendur- kyn umsjónarmanns umsóknar

Styrkár	Heildarfjöldi		%	Konur	%
	umsókna	Karlar			
2009	52	40	77%	12	23%
2010	75	51	68%	24	32%
2011	55	42	76%	13	24%


2012	56	40	71%	16	29%
Samtals	238	173	73%	65	27%

Styrkþegar – kyn umsjónarmanns umsóknar

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja			
	Karlar	%	Konur	%
2009	46	83%	8	17%
2010	24	58%	10	42%
2011	23	78%	5	22%
2012	27	67%	9	33%
Samtals	120	73%	32	27%

Árangurshlutfall –kyn umsjónarmanns

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	40	38	95%	12	8	67%
2010	51	14	27%	24	10	42%
2011	42	18	43%	13	5	38%
2012	40	18	45%	16	9	56%
Samtals	173	88	51%	65	32	49%



Tölurnar hér að framan sýna að árangurshlutfall karla og kvenna sé nokkuð jafnt og ekkert sem bendir til kynjaskjekkju.

Jafnréttisáætlun

Tækjasjóður tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Markáætlun á sviði vísinda og tækni

Markáætlun á sviði vísinda og tækni er talin mikilvæg leið fyrir stjórnvöld til að samstillta, leggja nýjar áherslur og byggja upp árangursríkt starf á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Markáætlanir á sviði vísinda og tækni styrkja tímabundið átaksverkefni í opinni samkeppni á ákveðnum tilteknum sviðum.

Hingað til hafa þrjár markáætlanir verið starfræktar á Íslandi. Sú fyrsta, frá 1999 til 2003, um umhverfisvísindi og upplýsingatækni, sú næsta, frá 2005 til 2009, um erfðafræði í þágu heilbrigðis og örtækni, og sú nýjasta, frá 2009 til 2015, um öndvegissetur og klasa. Einungis sú síðasta fellur undir þetta verkefni í kynjaðri hagstjórn.

Á grundvelli stefnumörkunar Vísinda- og tækniráðs í desember 2007 var bent á átta svið þar sem Íslendingar hafa burði til að ná sérstökum árangri á alþjóðlegum vettvangi og þar sem starfsemi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, opinberra aðila og einstakra þjóðfélagshópa getur fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi. Auglýst var eftir hugmyndum að öndvegissetrum eða rannsóknaklösum á þeim sviðum. Alls bárust 82 hugmyndir og fengu verkefnisstjórar tíu þeirra styrk til að fullvinna umsóknir. Þrjú verkefni voru síðan valin til að hljóta styrk.

Í skýrslu Þorgerðar Einarsdóttur er ítarleg umfjöllun um sænska rannsókn á útfærslu og styrkveitingum sex markáætlana á árunum 2000 – 2010. Spurningar eru settar fram um hvort þessi styrkjaflokkur höfði síður til kvenna en karla og hvort konur hafi ekki það tengslanet sem nauðsynlegt er. Gagnrýnt er „að markáætlanir feli í sér gríðarlega samþöppun fjármagns þar sem ákveðnum einstaklingum hafi verið afhentir óhemjumiklir fjármunir“ og talið að með þessu styrkjakerfi „felist stórfelldur tilflutningur fjármagns frá konum til karla“.

Úthlutunarreglur og auglýsingar

Orðræðugreining hefur ekki farið fram þar sem ekki hafa verið auglýstar nýjar markáætlanir á þeim árum sem þetta verkefni nær yfir.

Stjórn

Stjórn Rannsóknasjóðs var falin úthlutun styrkja í Markáætlun 2009-2015 með vísan í 9. gr. laga nr. 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir þar sem kveðið er á um heimild menntamálaráðherra til að fela stjórn Rannsóknasjóðs úthlutun annarra sjóða samkvæmt frekari ákvörðun þar um. Því er vísað í stjórn Rannsóknasjóðs.

Fagráð

Samkvæmt lögum starfar ekki sérstakt fagráð fyrir markáætlun.

Lýsing á umsóknarferli

Fyrirkomulag umsókna í Markáætlun 2009-2015 var með þeim hætti að Vísinda- og tækniráð skilgreindi átta áherslusvið. Umsóknarferli var skipt í tvö þrep og var fyrra þrepið opið öllum, eina

krafan var sú að hver umsókn tengdist að minnsta kosti einu af hinum átta áherslusviðum. Á fyrri þrepi bárust á annað hundrað umsóknir. Hópur, sem tilnefndur var af Vísinda- og tækniráði, fór yfir þessar umsóknir og gerði tillögu til ráðsins um tíu umsóknir sem hleypt var á seinna þrep. Umsækjendur, sem skráðir voru á þessar tíu umsóknir, fengu hver um sig eina milljón króna til þess að útfæra endanlega umsókn sem laut kröfum um reglur og frágang sem skilgreindar höfðu verið áður en ferlið hófst. Vísinda- og tækniráð skipaði sérstakt fagráð til þess að meta þessar tíu umsóknir og á endanum fengu þrjár þeirra styrk. Í næsta áfanga þessa verkefnis verður skipan fagráðs og úthlutanir skoðaðar nánar.

Kynjuð greining á úthlutunum

Ekki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk en gera má ráð fyrir að það verði gert áður en lengra er haldið. Hinsvegar voru umsóknir kyngreindar eftir á.

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi fullbúinna umsókna		Karlur	%	Konur	%
2009-2015	10	7	70%	3	30%	

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja		Karlur	%	Konur	%
2009-2015	3	2	67%	1	33%	

Tölurnar hér að framan sýna að árangurshlutfall kvenna er aðeins betra en karla. Þetta styður því ekki sænsku tilraunina sem vísað er til í samantekt Þorgerðar Einarsdóttur um að markáætlanir leiði til þess að fjármagn renni fremur til karla.

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlur sótt	Karlur veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009-2015	7	2	29%	3	1	33%

Jafnréttisáætlun

Markáætlun á sviði vísinda og tækni tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber sjóðnum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið voru höfð til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Tækniþróunarsjóður

Tækniþróunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Hann starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins, nr. 75/2007. Hlutverk sjóðsins er að styðja þróunarstarf og rannsóknir á sviði tækniþróunar sem miða að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Sjóðnum er heimilt að fjármagna nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingum fyrir umsóknir árið 2011 kemur fram að um þrjú flokka verkefna sé að ræða sem bera heitin: Verkefnisstyrkir, Frumherjastyrkir og Brúarstyrkir. Segja má að tveir þeirra séu karllægir skv. orðalagi: „Frumherjastyrkir“ þar sem hugtakið gæti reynst nákvæmni kvenna í skilgreiningu á eigin verkefnum Þrándur í Götu og hugtakið „Brúarstyrkir“ vísa til vegagerðar og byggingaframkvæmda sem er karllægur raunveruleiki hér á landi.

Vakin skal athygli á því að „Frumherjastyrkur“ vísar til þess að fólk er að stíga sín fyrstu skref í sjóðnum. „Verkefnastyrkur“ er fyrir reyndari umsækjendur en „Brúarstyrkur“ vísar til þess að með slíkum styrk er verið að reisa brú úr Tækniþróunarsjóði yfir í fjárstuðning frá fjárfestum.

Stjórn

Stjórn Tækniþróunarsjóðs er skipuð sex einstaklingum sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra skipar til þriggja ára skv. tilnefningum Vísinda- og tækniráðs, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Iðnaðarráðherra skipar einn án tilnefningar og velur jafnframt formann úr hópi sjóðsstjórnar.

Stjórn

Tímabil	Karlar	Konur
2009-2012	3	3

Fagrað

Styrkár	Karlar	Konur
2009	9	5
2010	10	6
2011	8	8
2012	6	6
Heildarfjöldi	27	19

Síðustu tvö ár hefur verið jafnt hlutfall kynja í fagraði.

Kynjuð greining á úthlutunum

Það er nokkrum vandkvæðum bundið að greina umsóknir í Tækniþróunarsjóð og styrki sem sjóðurinn veitir með tilliti til kyns verkefnisstjóra. Í langflestum tilvikum er fyrirtæki eða annar lögaðili skráður sem verkefnisstjóri en ekki einstaklingur. Eftir er að skoða fjárhæðir styrkja en það verður gert í næstu lotu þessarar athugunar.

Fyrir nokkrum árum var skoðað hvaða störf hefðu skapast af styrkjum en þá var ekki kynjavinkill á mælingu. Nú er stjórn að velta fyrir sér að gera aftur áhrifamat. Ef til vill vegna árána 2008 - 2012 og skoða hversu mörg störf / ársverk hafi skapast af styrkjum. Hægt yrði að mæla fyrir kyn líka en gert er ráð fyrir að fleiri störf hafi skapast fyrir karla en konur vegna fjárframlaga úr sjóðnum, skv. upplýsingum frá Rannís.

Rétt er vekja athygli á því að greining á úthlutunum Tækniþróunarsjóðs fyrir árið 2012 liggur ekki fyrir og því er unnið með tölur frá 2011.

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra


Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	303	253	83%	50	17%
2010	223	181	81%	42	19%
2011	217	174	80%	43	20%
Samtals	743	608	82%	135	18%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	88	75	85%	13	15%
2010	68	47	69%	21	31%
2011	42	29	68%	13	31%
Samtals	198	151	76%	47	24%

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	253	75	30%	50	13	26%
2010	181	47	26%	42	21	50%
2011	174	29	17%	43	13	30%
Samtals	608	151	25%	135	47	35%



Með því að greina einungis þær umsóknir þar sem einstaklingar eru skráðir sem verkefnisstjórar má sjá að konur eru í minnihluta umsækjenda (um 30% umsækjenda árið 2013). Aftur á móti má þó benda á það að árangurshlutfall kvenna sem skráðar eru verkefnisstjórar er betra en þeirra karla sem skráðir eru í sömu stöðu.

Jafnréttisáætlun

Tækniþróunarsjóður tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Markmið sjóðsins er að gefa háskólum, rannsóknastofnunum og fyrirtækjum tækifæri til að ráða námsmenn í grunn- og meistaranámi við háskóla til sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Sjóðurinn starfar skv. reglugerð nr. 450/2007, með breytingum nr. 105/2008. Háskólanemar í grunn- og meistaranámi geta sótt um en einnig sérfræðingar innan fyrirtækja, stofnana og háskóla sem óska að ráða háskólanema í sumarvinnu við rannsóknir.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingum vegna umsókna árið 2011 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til karla eða kvenna. Í reglugerð er ekki kyngreining og kynjakvóti er ekki nefndur um stjórnarfyriřkomulag. Endurskoða mætti orðalag í upplýsingum um sjóðinn í þeim tilgangi að breyta tvíræðum lýsingarorðum sem gætu talist óheppilegt út frá kynjasjónarmiði.

Stjórn

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar fimm manna sjóðsstjórn. Samtök stúdenta við alla háskólana, vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs, Samtök iðnaðarins og Samtök íslenskra sveitarfélaga tilnefna hver einn fulltrúa. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem er jafnframt formaður sjóðsstjórnar. Frá og með 2012 skipaði stjórn sjóðsins ráðgefandi fagráð. Áður hafði stjórnin metið umsóknir sjálf.

Stjórn

Tímabil	Karlar	Konur
2009-2011	2	3
2011-2014	2	3
Samtals	4	6

Fagráð

2012	Karlar	Konur
Verkfræði, tækni- og raunvísindi	3	0
Náttúru- og umhverfisvísindi	1	2
Heilbrigðis- og lífvísindi	2	1
Félags- og hugvísindi	2	2
Heildarfjöldi	8	5

Sérstaka athygli vekur að í fagráði verkfræði, tækni og raunvísinda situr engin kona.

Kynjuð greining á úthlutunum

Kynjuð greining á úthlutunum Nýsköpunarsjóðs námsmanna er ákveðnum vandkvæðum bundin. Oft er um hópa námsmanna að ræða sem sækja um styrki og enginn eiginlegur aðalumsækjandi. Skráning umsækjenda hefur ekki verið með þeim hætti að einfalt sé að flokka umsækjendur eftir kyni. Því liggja ekki fyrir greiningar á úthlutunum. Frá og með árinu 2013 verður óskað eftir upplýsingum um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk.

Jafnréttisáætlun

Nýsköpunarsjóður námsmanna tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Fornleifasjóður (heitir nú Fornminjasjóður)

Hlutverk Fornleifasjóðs er að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornleifum og forngrípum. Styrkjum er úthlutað til fornleifarannsókna, forvörslu, minjaverndar, fornleifaskráningar og annarra verkefna en þeirra sem þegar hafa verið talin og stjórn Fornleifasjóðs metur styrkhæf. Úthlutunarreglur er settar skv. heimild í 24. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum:

Í orðalagi og lykilhugtökum í úthlutunarreglum, auglýsingum og leiðbeiningum fyrir umsóknir árið 2011 og 2012 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem taldir eru höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Konur komu inn í stjórn árið 2011 og eru 33,3% stjórnarmanna.

Styrkár	Karlar	Konur
2009	3	0
2010	3	0
2011	2	1
2012	2	1
Heildarfjöldi	8	1

Stjórn sér um úthlutanir því fagráð er ekki starfandi.

Kynjuð greining á úthlutunum

Hvorki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall í stjórn fyrirtækja sem sækja um styrki né upplýsingum um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk.

Rétt er vekja athygli á því að greining á úthlutun Fornleifasjóðs fyrir árið 2012 liggur ekki fyrir og því er unnið með tölur frá 2011.

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%	ótilgreint	%
2009	45	25	56%	18	40%	2	4%
2010	49	20	41%	29	59%	0	0%
2011	45	23	51%	21	47%	1	2%
Samtals	139	68	49%	68	49%	3	2%


Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
---------	-----------------------	--------	---	-------	---

2009	14	7	50%	7	50%
2010	13	6	46%	7	54%
2011	16	9	56%	7	44%
Samtals	43	22	51%	21	49%

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	35	7	20%	18	7	39%
2010	20	6	30%	29	7	24%
2011	23	9	39%	32	7	22%
Samtals	78	22	27%	79	21	27%



Tölurnar hér að framan sýna að árangurshlutfall kvenna og karla sveiflast töluvert milli ára og því virðist ekkert benda til þess að það sé betra hjá öðrum hópnum frekar en hinum.

Jafnréttisáætlun

Fornleifasjóður tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Launasjóður fræðiritahöfunda (frá og með 2013 heitir sjóðurinn Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna)

Meginhlutverk sjóðsins er að auðvelda samningu bóka og verka í stafrænu formi til eflingar íslenskrar menningu. Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi. Stjórn sjóðsins úthlutar árlega starfslaunum úr sjóðnum. Starfslaun eru veitt til hálfis árs eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Sjóðurinn starfar skv. reglum menntamálaráðherra um Launasjóð fræðiritahöfunda nr. 268/1999.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í vinnureglum og auglýsingum fyrir umsóknir árið 2011 og 2012 var ekki að sjá dæmi um að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla. Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem taldir eru höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda er skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra til tveggja ára í senn. Rannsóknamiðstöð Íslands og Hagbenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, tilnefna einn fulltrúa hvor. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar sem jafnframt er formaður stjórnar.

Stjórn

Leitast er við að hafa jafnt hlutfall stjórnar. Fagráð er ekki stafandi.

Styrkár	Karlar	Konur
2009	2	1
2010	2	1
2011	1	2
2012	2	1
Heildarfjöldi	7	5

Kynjuð greining á úthlutunum

Frá og með 2013 verður óskað eftir upplýsingum um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk en það hefur ekki verið til þessa. Hinsvegar voru umsóknir kyngreindar eftir á.

Rétt er vekja athygli á því að greining á úthlutun Launasjóðs fræðiritahöfunda fyrir árið 2012 liggur ekki fyrir og því er unnið með tölur frá 2011.

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	40	28	70%	12	30%


2010	29	16	55%	13	45%
2011	52	34	65%	18	35%
Samtals	121	78	64%	43	36%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	6	3	50%	3	50%
2010	6	3	50%	3	50%
2011	6	3	50%	3	50%
Samtals	18	9	50%	9	50%

Árangurshlutfall -kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	28	3	11%	12	3	25%
2010	16	3	19%	13	3	23%
2011	34	3	9%	18	3	17%
Samtals	78	9	12%	43	9	21%



Árangurshlutfall miðað við umsóknir er áberandi lægra hjá körlum en konum þau þrjú ár sem hér eru skoðuð. Upplýsingar um fjárhæðir eru ekki fyrirleggjandi en verða teknar til athugundar í næsta áfanga verkefnisins.

Jafnréttisáætlun

Launasjóður fræðiritahöfunda tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Orkusjóður

Hlutverk Orkusjóðs er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda landsins með styrkjum eða lánum, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis. Orkusjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti en umsýsla fer fram á Akureyrarsetri Orkustofnunar. Orkusjóður starfar skv. lögum um Orkustofnun nr. 87/2003 og reglum nr. 514/2003 um Orkusjóð og verklagsreglur um styrkveitingar úr Orkusjóði.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2013 er ekki að sjá að orðræðan höfði síður til kvenna en karla. En árið 2011 mátti sjá orð sem talin eru karllæg í fyrsta hluta auglýsingar 2012 „áhættulán“ og „smíði“ en síðan kvenlægari „til ... fræðslu og upplýsingastarfsemi“. Tekið er fram að styrkveitingar séu „að hámarki 50% af áætluðum kostnaði“ sem gæti haft áhrif á áhættufælni sem talin er kvenlæg fremur en karllæg. Einnig mætti velta fyrir sér hvort reglur vegna greiðslna séu karllægar. Samkvæmt verklagsreglum má skoða hvar er auglýst og athuga má hvort auglýsingar birtist í miðlum sem taldir eru höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Hjá Orkustofnun starfar Orkuráð, sbr. 6. gr. laga um Orkustofnun, sem gerir tillögur til ráðherra um lánveitingar og greiðslur úr Orkusjóði. Iðnaðarráðherra skipar fimm manna Orkuráð til fjögurra ára í senn.

Orkuráð kemur í stað stjórnar og fagraðs árið 2013

Tímabil	Karlar	Konur
2007-2011	2	3
2012	2	3

Kynjuð greining á úthlutunum

Hvorki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall í stjórn fyrirtækja sem sækja um styrki né um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk.

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna			
	Karlar	%	Konur	%


2009	NA	NA	%	NA	%
2010	52	42	81%	10	19%
2011	52	40	77%	12	23%
2012	55	48	87%	7	13%
Samtals					

Styrkþegar - kyn umsjónarmanns umsóknar

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja		%	Konur	%
	Karlar	Konur			
2009	13	12	92%	1	8%
2010	18	15	83%	3	17%
2011	15	12	80%	3	20%
2012	17	15	88%	2	12%
Samtals	63	54	86%	9	14%

Árangurshlutfall -kyn umsjónarmanns

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	NA	12	%	NA	1	%
2010	42	15	36%	10	3	30%
2011	40	12	30%	12	3	25%
2012	48	15	31%	7	2	28%
Samtals						



Tölurnar hér að framan sýna að mun færri konur eru skráðar sem umsækjendur en karlar eða innan við 20% öll þau ár sem skoðuð eru. Árangurshlutfall kvenna er einnig lægra en karla undanfarin þrjú ár.

Jafnréttisáætlun

Orkusjóður tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Átak til atvinnusköpunar

Markmið verkefnisins er að styðja þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta og styðja undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla og sprotafyrirtækjum. Átak til atvinnusköpunar er styrkætlun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fyrir nýsköpunarverkefni og markaðsaðgerðir starfandi frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækja og felur ráðuneytið Nýsköpunarmiðstöð Íslands umsýslu verkefnisins. Engin lög eða reglugerð eru um verkefnið.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2013 kemur fram að sjóðurinn sé „fyrir nýsköpunarverkefni og markaðsaðgerðir starfandi frumkvöðla- og nýsköpunarfyrirtækja“. Árið 2009 kom fram að „nýsköpun og frumkvöðlastarf eru lykilþættir í að byggja upp sterkt atvinnulíf“ sem telst annars vegar kvenlægt (frumkvöðlar) en hins vegar karllægt (nýsköpun) samkvæmt niðurstöðum tveggja rannsókna. (Byggðastofnun, nóvember 2005: *Konur og stoðkerfi atvinnulífsins - úttekt á því hvaða árangur hefur orðið undanfarin ár af verkefnum sem hafa haft það að markmiði að örva frumkvæði kvenna í atvinnurekstri*. Byggðastofnun og lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, mars 2005): *Eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði - skýrsla um eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði*.) Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem taldir eru höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

lðnaðarráðherra skipar fimm manna stjórn til eins árs í senn.

Ár	Karlar	Konur
2009	2	2
2010	-	-
2011	-	-
2012	2	3
Heildarfjöldi		

Fagráð

Tímabil	Karlar	Konur
2012	3	3

Kynjuð greining á úthlutunum

Óskað hefur verið kyngreindum upplýsingum um eignarhald en ekki um kynjahlutfall í stjórn fyrirtækja sem sækja um styrki né um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk.

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	525	189	36%	143	27%
2010	391	139	35,5%	125	32%
2011	503	185	36,8%	196	39%
2012	402	174	43,3%	154	38,3%
Samtals*	1821	687	38%	618	34%

*Ekki er talið marktækt að horfa á niðurstöður í þessari töflu þar sem fram kemur í upplýsingum frá sjóðnum að ótilgreint kyn hafi verið í 36,8%, 32,5%, 24,3% og 18,4% umsókna árin 2009-2012 eða að meðaltali 28% umsókna

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%	ótilgreint	%
2009	106	45	42%	13	12%	48	45,3%
2010	95	36	37,9%	42	44,2%	17	17,9%
2011	128	57	44,5%	51	39,8%	20	15,6%
2012	76	37	48,7%	28	36,8%	11	14,5%
Samtals*	405	175	43%	134	33%	96	24%

*Ekki er talið marktækt að horfa á niðurstöður í þessari töflu þar sem fjórðungur styrkja fer til ótilgreinds kyns eins og fram kemur í töflunni, t.d. allt að helmingur styrkja árið 2009.

Árangurshlutfall - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	189	45	23,8%	143	13	9%
2010	139	36	26%	125	42	34%
2011	185	57	31%	196	51	26%
2012	174	37	21%	154	28	18%
Samtals*	687	175	25%	618	134	21%

*Ekki er talið marktækt að horfa á niðurstöður í þessari töflu þar sem fram kemur í upplýsingum frá sjóðnum að ótilgreint kyn hafi verið í um það bil fjórðungi tilvika þannig að árangurshlutfall gæti skekkst verulega ef nákvæm kyngreining færi fram við umsóknarferli.

Töflurnar hér að framan sýna að færri konur sækja um en karlar og að árangurshlutfall þeirra er lægra í þrjú ár af fjórum. Í 11% - 48% tilvika er ótilgreint hvort kyn hlýtur styrk.

Jafnréttisáætlun

Átak til atvinnusköpunar tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir. Ýmsar upplýsingar má þó finna í tveimur skýrslum frá árinu 2005 sem unnar voru hjá Bygðastofnun og eru aðgengilegar á vefnum byggdastofnun.is: *Konur og stoðkerfi atvinnulífsins* og *Eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði*.

AVS – Aukið verðmæti sjávarfangs - Rannsóknasjóður í sjávarútvegi.

AVS rannsóknasjóður veitir styrki til rannsóknaverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkir AVS rannsóknasjóðs eru til hagnýtra rannsókna og ætlaðir einstaklingum, fyrirtækjum, rannsókn-, þróunar- og háskólastofnunum. Stjórn sjóðsins forgangsraðar tillögum til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um styrki til rannsókna í þágu verkefna sem auka verðmæti sjávarfangs og styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins. Sjóðurinn starfar skv. reglum nr. 81/2010. Sjóðurinn hefur eigin umsýsluskrifstofu.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2010 kom fram áhersla á fjármagn sem gæti talist hátt ef tekið er mið af áhættufælni kvenna. Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem taldir eru höfða að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Sjávar- og landbúnaðarráðherra skipar sjö manna stjórn til fjögurra ára í senn.

Stjórn

Ár	Karlar	Konur
2012	3	4

Fagráð

Stjórn AVS skipar faghópa fyrir tiltekin svið atvinnugreinanna til tveggja ára í senn. Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda þeirra né samsetningu.

Kynjuð greining á úthlutunum

Hvorki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall í stjórn fyrirtækja sem sækja um styrki né um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk.

Umsækjendur- kyn verkefnisstjóra

Upplýsingar um heildarfjölda umsókna og kyn verkefnisstjóra liggja ekki fyrir.

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	-	-	%	-	%
2010	-	-	%	-	%
2011	-	-	%	-	%
Samtals	-	-	%	-	%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	78	56	72%	22	28%
2010	79	61	77%	18	23%
2011	48	37	77%	11	23%
Samtals	205	154	75%	51	25%

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	-	-	%	-	-	%
2010	-	-	%	-	-	%
2011	-	-	%	-	-	%
Samtals	-	-	%	-	-	%

Unnið er að því að fá upplýsingar um fjölda umsókna og úthlutanir.

Jafnréttisáætlun

AVS tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Verkefnasjóður sjávarútvegsins (deild um sjávarrannsóknir á samkeppnisviði)

Hlutverk sjóðsins er að styrkja einstaklinga, fyrirtæki, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnanir til verkefna sem efla rannsóknar- og þróunarverkefni á lífríki sjávar umhverfis Ísland og efla til lengri tíma litið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs. Verja skal fénu til

rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Verkefnasjóður sjávarútvegsins starfar samkvæmt lögum nr. 37 / 1992, um sérstakt gjald vegna ólögðs sjávarafla með síðari breytingum og 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og reglugerð nr. 679/ 2009. Verkefnasjóðurinn starfar í tveimur deildum, almennri deild, og deild um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði sem er umfjöllunarefni hér. Þar eru veittir styrkir til verkefna einstaklinga, fyrirtækja, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnana og er úthlutað til verkefna sem efla rannsóknar- og þróunarverkefni á lífríki sjávar umhverfis Íslands og efla til lengri tíma litið sjálfbæra nýtingu auðlinda hafnsins og samkeppnishæfni sjávarútvegs.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í auglýsingu fyrir umsóknir árið 2011 kemur fram að styrkir eru veittir til „stærri verkefna“ en niðurstöður rannsókna á vegum Byggðastofnunar benda til þess að konur forðist áhættur umfram karla og þess vegna er hætt á að körlum sé hér gert hærra undir höfði en konum. Einnig kemur fram að minni fjárhæðir séu ætlaðar til „smærri verkefna“ og mætti athuga hvort það orðalag höfði fremur til kvenna en karla. Tónninn í lok auglýsingar er ákveðinn, allt að því harkalegur, og upphafið vísar til karla þannig að textinn getur talist karllægur : „þeir sem fengu styrk úr sjóðnum við síðustu úthlutun og hyggjast sækja um framhaldsstyrk skulu skila skýrslu um stöðu verkefnisins, ella koma viðkomandi umsóknir ekki til greina við úthlutun.“ Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem taldir eru höfða að jöfnu til kvenna og karla. Í auglýsingu árið 2013 kemur fram að einungis verði veittir styrkir til framhaldsverkefna en auglýsingin er ekki með kynjuðu orðalagi.

Stjórn

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar þrjú menn í stjórn. Stjórn deildar um sjávarrannsóknir á samkeppnissviði er skipuð tveimur körlum og einni konu (árið 2010). Fyrir liggja upplýsingar um skipan stjórnar árið 2010.

Ár	Karlar	Konur
2010	2	1
2012	3	2

Fagráð

Tímabil	Karlar	Konur
2012	2	1

Kynjuð greining á úthlutunum

Hvorki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall í stjórn fyrirtækja sem sækja um styrki né um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk. En upplýsingar eru fyrirbyggjandi í umsóknargögnum.

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Upplýsingar um heildarfjölda umsókna og kyn verkefnisstjóra liggja ekki fyrir.

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
---------	-----------------------	--------	---	-------	---

2009	-	-	%	-	%
2010	-	-	%	-	%
2011	-	-	%	-	%
Samtals	-	-	%	-	%

Styrkþegar - kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi styrkja	Karlar	%	Konur	%
2009	26	17	65%	9	35%
2010	-	-	%	-	%
2011	-	-	%	-	%
Samtals	-	-	%	-	%

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	-	-	%	-	-	%
2010	-	-	%	-	-	%
2011	-	-	%	-	-	%
Samtals	-	-	%	-	-	%

Jafnréttisáætlun

Verkefnasjóður sjávarútvegsins tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins (hluti til rannsókna og þróunar)

Hlutverk sjóðsins er að veita styrki og lán til framleiðniaukningar, hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Má jöfnum höndum styrkja rannsóknir og framkvæmdir, er miða að lækkun framleiðslu- og dreifingarkostnaðar, svo og framkvæmdir, er stefna að því að samræma landbúnaðarframleiðsluna þörfum þjóðfélagsins miðað við markaðsaðstæður innan lands og utan á hverjum tíma. **Styrkveitingar eru til eftirfarandi: atvinnunýsköpunar á bújörðum, félaga og fyrirtækja vegna annarar atvinnusköpunar í dreifbýli, rannsókna- og þróunarverkefna, fræðslumála og vatnsaflsvirkjana á bújörðum.**

Lán og styrki úr sjóðnum má meðal annars veita til einstakra bænda, vinnslustöðva, ræktunarsambanda og vísindastofnana. Við styrkveitingar til einstakra bænda skal að öðru jöfnu taka tillit til efnahags þeirra. Framleiðnisjóður landbúnaðarins hefur leitast við að styðja frumkvæði og vænleg viðfangsefni og svara eftirspurn án þess að halda fram einu umfram annað. Í seinni tíð hefur stuðningur sjóðsins í vaxandi mæli beinst að þróunar- og rannsóknarverkefnum og stærri verkefnum á sviði atvinnuuppbyggingar í dreifbýli. Rýrnandi tekjustofnar síðustu misseri hafa þó þrengt möguleika sjóðsins á þessu sviði. Sjóðurinn starfar skv. lögum nr. 89/1966 (með síðari breytingum). Engin reglugerð. Hins vegar, allar götur frá árinu 1979, hefur Framleiðnisjóður starfað með hliðsjón af ákvæðum ýmissa annarra lagaákvæða sem hafa lagt sjóðnum skyldur á herðar en jafnframt tryggt honum fé til fullnustu þeirra. Í þessu efni vísast nú til 3. gr. laga nr. 70/1998 (Búnaðarlög).

Þessi sjóður hefur legið milli hluta hjá verkefnisstjórn þar sem eftir er að skilgreina hvort um samkeppnisjóð er að ræða því veittir eru bæði styrkir og lán úr sjóðnum. Í næsta áfanga verða fjárhæðir styrkja skoðaðar og endurmetið hvort sjóðurinn verið tekinn til nánari athugunar.

Orðræðugreining á úthlutunarreglum og auglýsingum

Í orðalagi og lykilhugtökum í vinnureglum og lögum um sjóðinn var ekki að sjá að höfðað væri ólíkt til kvenna eða karla og sama gildir um auglýsingu árið 2013. Vert er að skoða hvort auglýsingar birtist í miðlum sem taldir eru höfðað að jöfnu til kvenna og karla.

Stjórn

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn; tvo án tilnefningar, þar af annan sem formann, tvo tilnefnda af Bændasamtökum Íslands og einn af iðnaðarráðherra. Fagráð er ekki starfandi.

Fyrir liggja upplýsingar um skipan stjórnar árið 2010 og 2012.

Ár	Karlar	Konur
2010	3	2
2012	3	2

Kynjuð greining á úthlutunum

Hvorki hefur verið óskað eftir upplýsingum um kynjahlutfall í stjórn fyrirtækja sem sækja um styrki né um kyn allra þátttakenda, þar með talið verkefnisstjóra, meðumsækjenda og nemenda, sem koma að verkefnum sem sækja um styrk.

Umsækjendur - kyn verkefnisstjóra

Upplýsingar um heildarfjölda umsókna og kyn verkefnisstjóra liggja ekki fyrir.

Styrkár	Heildarfjöldi umsókna	Karlar	%	Konur	%
2009	-	-	%	-	%

2010	-	-	%	-	%
2011	-	-	%	-	%
Samtals	-	-	%	-	%

Styrkþegar kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Heildarfjöldi		%	Konur		ótilgreint	%
	styrkja	Karlar					
2009	97	23	24%	12	12%	62	64%
2010	-	-	%	-	%		%
2011	-	-	%	-	%		%
Samtals	-	-	%	-	%		%

Árangurshlutfall – kyn verkefnisstjóra

Styrkár	Karlar sótt	Karlar veitt	%	Konur sótt	Konur veitt	%
2009	-	-	%	-	-	%
2010	-	-	%	-	-	%
2011	-	-	%	-	-	%
Samtals	-	-	%	-	-	%

Jafnréttisáætlun

Framleiðnisjóður landbúnaðarins tekur mið af jafnréttislögum en hefur ekki sett sér sérstaka jafnréttisáætlun, enda ber honum ekki að gera það skv. lögum. Jafnréttismarkmið sjóðsins koma ekki fram í gögnum um hann og auk þess vantar upplýsingar um hvaða kynjasjónarmið liggja til grundvallar ákvarðanatöku um úthlutanir.

Reykjavík þann 28. ágúst 2013

Auður Björg Árnadóttir

Eigandi verkefnisins staðfestir með undirskrift sinni að hafa kynnt sér áfangaskýrsluna, framvindu verkefnisins og næstu skref:

Ásta Magnúsdóttir
ráðuneytisstjóri mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Viðauki:

Þorgerður Einarsdóttir: Styrkjakerfi vísindarannsókna frá kynjasjónarmiði. Samantekt til undirbúnings kynjaðri fjárlagagerð. 22. september 2011.